

Tilkynning frá Deloitte ehf.
6. apríl 2012

Deloitte stendur að við þá niðurstöðu sína að áformuð veiðigjöld jafngildi ofurskattlagningu hagnaðar

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra efast um forsendur útreikninga Deloitte á áhrifum frumvarps um veiðigjöld, verði það að lögum. Í fjölmiðlaviðtölum og í greinargerð ráðuneytis hans er talað um hæpnar eða óljósar forsendur og jafnvel að Deloitte hafi „gleymt“ að gera ráð fyrir áhrifum tekjuskatts í útreikningum sínum. Sjálfsagt er að rökræða við ráðherrann og aðra um veiðigjöldin í framhaldi af því sem kom fram á opnum fundi Útvegsmannafélags Reykjavíkur á dögnum. Fundarboðendur óskuðu eftir því að Deloitte mæti þessi áhrif og gerði grein fyrir niðurstöðum sínum þar og við því var orðið.

Vert er að vekja athygli á því að stjórnvöld, sem gagnrýna nú mjög mat annarra á áhrifum lagabreytinga sem þau leggja til, hafa sjálf enga útreikninga birt af neinu tagi um áhrif og afleiðingar breytinganna! Deloitte kannaði málið þegar um var beðið í aðdraganda fyrrnefnds fundar, stendur við niðurstöður sínar að öllu leyti og lýsir sig reiðubúið að fara yfir málið með ráðherra og ráðgjöfum hans. Látið er að því liggja, t.d. í skrifum aðstoðarmanns ráðherra í Fréttablaðinu á skírdag, að niðurstaða Deloitte sé „keypt“ af útvegsmönnum og því ekki marktæk. Slíku vísun við á bug. Deloitte er alþjóðlegt endurskoðunar- og ráðgjafarfyrtæki og niðurstöður þess fást ekki keyptar.

Eftirfarandi atriðum skal haldið til haga í umræðunni, að gefnu tilefni.

1. Deloitte styðst við opinberar tölur frá Hagstofu Íslands um afkomu sjávarútvegsfyrirtækjanna á árunum 2001–2010, m.a. varðandi framlegð og afskriftir atvinnugreinarinnar. Varðandi vextina kjósum við að frekar að miða við greidda vexti af langtímalánum en gjaldfærðan fjármagnskostnað eins og hann kemur fram hjá Hagstofunni. Þannig reiknum við 5,5% vexti af langtímaskuldum sem jafngildir fjármagnskostnaði upp á 132 milljarða króna á þessu 10 ára viðmiðunartímabili. Gjaldfærður fjármagnskostnaður samkvæmt tölum Hagstofunnar er hins vegar 276 milljarðar króna á sama tímabili. Taka ber fram að við teljum vaxtaprósentuna sem við notum vera í lægri kantinum.
2. Veiðigjöldin eru kostnaður útgerðar og þar af leiðandi gjaldfærður í bókum útgerðarfyrirtækja. Við lítum á veiðigjöldin sem skattlagningu, líkt og reyndar flytjendur frumvarpsins umrædda. Í frumvarpinu er þannig talað réttilega um „sérstaka skattlagningu í sjávarútvegi“.
3. Það gildir einu hvað menn kjósa að kalla þessa gjaldheimtu. **Hún er viðbótarkostnaður í formi skattlagningar sem ekkert annað en hagnaður sjávarútvegsfyrirtækja getur staðið undir.**

4. Útreikningar Deloitte sýna að veiðigjöldin sl. 10 ár, eins og þau koma fram í útreikningi í greinargerð sjálfs frumvarpsins - bakreiknuð til verðlags hvers árs, **hefðu verið meira en 100% af hagnaði í sjávarútvegi á þessu tímabili.** Þetta er staðreynd og hefur nákvæmlega ekkert með eignarhald á sjávarauðlindinni að gera. Ljóst er að fiskveiðiauðlindin ER sameign þjóðarinnar og hagsmunir eigandans eru fyrst og fremst að hér sé rekin hagkvæmur sjávarútvegur. **Hagkvæmni næst hins vegar aldrei ef áform um að skattleggja allan hagnað greinarinnar ná fram að ganga.**

Ekkert tillit tekið til verðmætasköpunar í fiskvinnslu

Stjórnvöld skapa starfsskilyrði atvinnurekstrar með ramma laga sem gildir fyrir öll fyrirtæki á Íslandi. Það á við um útgerð líkt og aðrar atvinnugreinar. Þeir lykilþættir, sem hafa áhrif á hagnað félaga, eru lagaumgjörð, aðgangur að auðlindum, hæft starfsfólk með þekkingu á viðkomandi atvinnugrein og aðgangur að fjármagni frá hluthöfum og fjármálastofnunum. Ríkið tekur sinn hluta hagnaðarins með tekjuskatti, auk þess sem fyrirtækin greiða tryggingargjald af launum og önnur opinber gjöld.

- Við teljum það **gagnrýni vert að taka bæði afkomu veiða og vinnslu undir stofn veiðigjalda í tilraun til að ná utan um milliverðlagningu í skattalegum skilningi.** Þar með er í engu tekið tillit til verðmætasköpunar í fiskvinnslu sem stafar m.a. af fjárfestingum í hátæknibúnaði, góðri markaðssetningu og afhendingaröryggi afurða í hendur kaupenda.
- Því er haldið fram að skattleggja þurfi sjávarútveginn sérstaklega vegna þess að hann hafi hagnast undanfarið á raungengi krónunnar. Nú er það svo að allar útflutningsgreinar, einnig áliðnaður og ferðaþjónusta, eru háðar gengi krónunnar. Gengissveiflurnar hafa verið miklar í báðar áttir á síðustu 10 árum. Á sama röksemd þá ekki alveg eins við um önnur útflutningsfyrirtæki, t.d. í áliðnaði og ferðaþjónustu?
- Deloitte hefur í engu „gleymt“ áhrifum tekjuskatts í útreikningum sínum heldur tekur fullt tillit til þeirra!

Rangar fullyrðingar um fjárfestingar í óskyldum rekstri

Skuldir sjávarútvegsfélaga eru tölur sem Hagstofa Íslands birtir. Langtímaskuldir sjávarútvegsfélaga, sem að langmestu leyti voru í erlendum gjaldmiðlum, hækkuðu tvöfalt við hrun krónunnar eins og hjá öðrum lántekendum með skuldir í erlendri mynt. Það skýrir m.a. að skuldir eru hærrí en rekstrarfjármunir.

Í þessari umræðu er enn og aftur fullyrt að skuldir sjávarútvegs séu að stórum hluta til komnar vegna fjárfestinga í félögum „óskyldum rekstri“. Í fyrri skýrslu okkar, sem vitnað er til í tilkynningu ráðuneytisins, sýndum við fram á að þessi fullyrðing á við afar veik rök að styðjast, sama hve oft og lengi hamrað er á henni!

Staðreyndin er eftirfarandi: Þegar litið er á eignasafn sjávarútvegsfélaganna fyrir árin 2007 kemur í ljós að um 30 milljarðar króna, um 11% af fasta fjármunum sjávarútvegsfélaga, voru fjárfesting í félögum sem flokkast undir ótengdan rekstur. Þetta hlutfall var komið niður í um 2% í árslok 2008 eða um 6 milljarða króna. Reyndar má ætla að skuldir vegna þessara fjárfestinga hafi í raun verið nær 20 en 30 milljörðum króna m.a. vegna þess að hluti eignanna átti rætur að rekja til hækkunar hlutabréfaeignar á árunum 2007 og fyrr.

